

**Áttundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn fimmtudaginn 23. maí, 2013,
klukkan 17:30**

á Eyrarbakka.

Farið var með rútu frá Reykjavík til Eyrarbakka. Staldrað var við í Húsinu þar sem Lýður Pálsson safnstjóri tók á móti okkur og sagði okkur frá sögu Hússins. Ragnildur Þórarinsdóttir var með orð til umhugsunar. Síðan var haldið í Rauða húsið og notið samveru og góðra veitinga.

Húsið á Eyrarbakka var flutt tilsið til Eyrarbakka sumarið 1765. Það er elsta íbúðarhús úr timbri á Suðurlandi. Húsið var íbúðarhús kaupmanna Eyrarbakka frá 1765 til 1926, lengstum voru eigendur þess danskir. Heitið Húsið segir til um sérstöðu þess fyrr á tímum þegar alþýðan bjó í torfbæjum en einnig gæti heitið verið stytting úr heitinu Kaupmannshúsið. Húsið var menningarheimili þar sem margvíslegir erlendir menningarstraumar bárust um héraðið. Fyrir það varð húsið landsfrægt á sínum tíma.

Árið 1932-1935 var gert rækilega við Húsið af hjónunum Ragnhildi Pétursdóttur og Halldóri Kr. Þorsteinssyni frá Háteigi í Reykjavík, ömmu og afa Ragnildar Þórarinsdóttur. Ragnildur sagði okkur frá ömmu sinni og afa og ljúfum minningum um dvöl sína í húsinu hjá þeim.

Ríkissjóður keypti Húsið árið 1992 og komst þá fyrst í almenningseign. Þjóðminjasafn Íslands tók við Húsinu og lét gera við það en frá 3. ágúst 1995 hefur Bygðasafn Árnesinga verið með grunnsýningu sína þar.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasardóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Gleðin var ríkjandi í þessari ferð, söngheftin tekin upp í rútunni og Árný stjórnaði *Gammakórnum* af einstakri snilld báðar leiðir.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.